

16. Nóvember 2022

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravelferð Velferð dýra (bann við blóðmerahaldi), 53. mál

Sendandi: Rósa Líf Darradóttir, læknir, hestakona og hrossaræktandi.
Sæviðarsund 27, 104 Reykjavík

Undirrituð styður frumvarpið og blóðmerahald verði með öllu bannað.

Magn og tíðni blóðtöku

Spendýr þola ekki að missa 15-20% af blóði sínu vikulega í átta skipti án þess að verða fyrir neikvæðum áhrifum eða líða illa og þjást. Enn síður fylfullar mjólkandi hryssur sem eru samkvæmt eðli málsins viðkvæmari en ella. Þetta hafa læknar og dýralæknir tekið undir. Ef þessar tölur eru settar í samhengi við manninn þá væri þetta líkt og að taka einn lítra af blóði vikulega úr þungaðri konu með barn á brjósti yfir tveggja mánaða tímabil. Fimm lítrar af blóði eru 15-20% af heildarblóðmagni íslenska hestsins. Það eru teknir allt að 40 lítrar af blóði úr fylfullum og oftast mjólkandi merum yfir 8 vikna tímabi. Að blóð sé tekið í þessu magni og þessari tíðni þekkist hvergi og benda öll vísindi um blóðtöku spendýra til þess að hér sé gengið langt úr fyrir heilsusamleg mörk. Þær þurfa að endurnýja allt sitt blóðmagn og 8- 15 lítra til viðbótar á þeim tíma. Það gefur auga leið að þessu fylgir líkamlegt álag og þjáning.

Erlendir lyfjaframleiðendur fara öðruvísi að

Undirrituð setti sig í samband við ástralskt fyrirtæki sem framleiðir mótefni við snákæitri úr hrossablóði. Blóðið er tekið úr tömdum geldingum sem vega 700 kg. Teknir eru 3 lítrar í hverri blóðtöku og blóðtakan framkvæmd tvisvar á ári meðan hestarnir eru slævðir. Þarna er töluverður munur á, þarna er verið að taka minna en 6% af heildarblóðmagni tvisvar á ári úr tömdum geldingum fyrir lífsbjargandi lyf.

PMSG

Pregnant mare serum gonadotropin eða equine chorionic gonadotropin(eCG) er hormónið sem unnið er úr blóði hryssanna. Það er notað sem frjósemislyf erlendis fyrir búfenað eins og svín, nautgripi, kindur og geitur. Það veldur því að tími á milli gangmála styttest t.d hjá gylltum og fjöldi grísa í hverju goti eykst. Með notkun efnisins er framleiðslugeta gylltunnar hámarkuð. Þetta hefur auðvitað efnahagslegan ávinnig fyrir þá sem standa að framleiðslunni en á kostnað velferðar dýranna. Meðalfjöldi grísa í goti er 17.5 og gylltan er með 10- 14 spena. Skv. danskri grein var grísadauði 23.2% í tengslum við fjölda grísa í goti árið 2019. Því má segja að efni sem unnið er úr blóði hryssa á Íslandi sé þáttur í þeirri gríðarlegu þjáningu sem dýr í þaueldi upplifa vegna græðgi mannsins.

Blóðmerahald er ekki siðferðilega réttlæt看legt

Dr. Svanur Sigurbjörnsson, sérfræðingur í lyflækningum og með meistargráðu í hagnýtri siðfræði færir fram góð rök fyrir því hvers vegna stöðva ætti blóðmerahaldurinn í siðferðislegu tilliti í grein sinni - "Um siðferði blóðmerahalds". Hann bendir á að til er lyfjafræðilegur valkostur (cloprostenol) fyrir þau not sem eCG hefur. Efnahagslegur ávinningur réttlæt看 ekki starfsemi sem kerfislægt og endurtekið veldur þjáningu og líklega heilsuleysi dýra. Tek ég undir með

16. Nóvember 2022

honum heilshugar. Dýralæknirinn Ingunn Reynisdóttir hefur skrifað um málið. Í skrifum hennar - "Í þágu hestsins" færir hún fram sannfærandi rök að merarnar upplifi svokallað lært hjálparleysi við blóðtökuna. Merarnar sem eru upp til hópa lítið tamdar eru mýldar, höfuðið er hengt upp í þvingaða stöðu og notast er við bakstrekjara svo merin getur með engu móti komist undan þeim aðstæðum sem hún er í. Varast ber að túlka lært hjálparleysi sem merki um tamningu.

Meintar rannsóknir og gögn ekki til

Talsmenn blóðmerahalds og starfsfólk Matvælastofnunar (MAST) hafa ítrekað vísað til rannsókna um starfsemina. Rannsókna er sýna áttu að neikvæð áhrif blóðtökunnar á heilsu þessara hryssa væru engin. Í desember á síðasta ári var [kallað](#) eftir þeim rannsóknum. Það kom svo á daginn að engar slíkar rannsóknir eru til. Það sem meira er að [blóðmagn íslenskra hrossa](#) hefur verið ofmetið um 10 lítra. Engar mælingar á jární í blóði eru til fyrir þessar hryssur en járn er nauðsynlegt fyrir myndun blóðrauða og þar með rauðra blóðkorna. Vert er að nefna að járnþörf eykst á meðgöngu hvort sem um er ræða konur eða hryssur. Engar aðrar blóðefnamælingar er til, engin gögn um blóðþrýsting, hjartsláttar- eða öndunartíðni eftir blóðtöku. Engar þyngdarmælingar hafa verið gerðar, hvorki á hryssum né folöldum þeirra. MAST sem er eftirlitsaðili með velferð dýra hefur ekki svo vitað sé beðið um eða krafist óháðrar rannsóknar, heldur þvert á móti gefið lítið fyrir rökstuddar greinargerðir vísindamanna og fagfólks sem hefur bent á þörfina fyrir frekari rannsóknir. Einu gögnin sem MAST og talsmenn blóðmerahalds bera fyrir sig eru mælingar gerðar af fyrirtækinu sem hagnast af blóðtökunni. Mælingarnar eru úr minna en 2% úrtaki og eru gerðar annað hvert ár. Það kemur á óvart að sjá hversu takmörkuð gögnin eru í ljósi þess að fagfólk MAST hefur haldið því fram að til sé [öflugur gagnagrunnur](#) sem eigi að [sýna að heilsu þessara hryssa sé ekki ógnað](#). Hann er ekki til. Guðrún Sch. Thorsteinsson læknir og Jón Thorsteinsson stærðfræðingur rýndu í mælingar þessar. Þau benda á að þó að gögnin séu virkilega takmörkuð, megi samt úr þeim lesa að margar hryssur séu langt undir heilsusamlegum mörkum í blóðrauða. Þau leggja einnig til leiðir til úrbóta en grein þeirra má sem lesa má [hér](#).

Þróun og þekking

Siðferði samfélagsins byggir á þekkingu þess tíma. Íslensk stjórnvöld ættu að sjá sóma sinn í því að banna blóðmerahald. Að strappa hryssu niður, binda höfuðið hennar upp í þvingaða stöðu og tappa blóð af henni óhóflegu magni endurtekið til þess eins að framleiða lyf sem eykur á þjáningu annarra dýra getur ekki verið hluti af framtíð Íslands. Það er eðlileg samfélagsleg þróun að stöðva iðnað sem ekki er siðferðilega réttlætanagerður. Staða dýravelferðar á Íslandi er ekki eins góð og margir vilja halda og þar eigum við gera betur. Það er nauðsynlegt að stjórnmalaflokkarnir fari að huga betur að þessu mikilvæga málefni, siðferðislega krafan um betri velferð dýra fer hækkandi í takt við vitundarvakningu samfélagsins um aðbúnað og meðferð þeirra.

Því fer ég þess á leit við stjórnvöld á Íslandi að þau banni blóðmerahald og framleiðslu PMSG hér á landi.

Virðingarfyllst,

Rósa Líf Darradóttir M.D.